

Boðstrengur og ljósleiðari.

Boðstrengur, skermaður.


75V

NOVAK / NOMAK / REDAK. Paraður margþættur strengur með **tinuðum** koparleiðurum. Hvítir og rauðgulir tölumerktir **PVC** einangraðir leiðarar. Grá **PVC** kápa með bandi undir til að auðvelda afeinangrun. Ál-þynnu-skermur á plast-þynnu. Undir skermi er 0,5 mm² óeinangraður jarðvír. Rekstrarspenna 75 V. Hámarksrekstrarhiti 70°C. Lágmark við útlagningu -5°C. Má nota á flestum stöðum innandyra þurrum sem rökum. Er vel varinn fyrir utanaðkomandi truflunum.

Vörunúmer	Vöruheiti	Flatarmál leiðara mm ²	Ytra þvermál mm	Þyngd kg/100m	Magn á kefli m
6089030	NOMAK	2x2x0,5+0,5	8,5	7	1000
6089040	NOMAK	4x2x0,5+0,5	9,5	11	1000
6089050	NOMAK	8x2x0,5+0,5	14,0	20	1000
6089060	NOMAK	12x2x0,5+0,5	14,5	26	1000
6089075	*NOMAK	24x2x0,5+0,5	20,0	47	1000

Strengurinn er mældur að þörfum kaupanda.

*Sérpantað.



Ljósleiðari.

Í ljósleiðarastreng sem svo er nefndur er glerþráður, einnig nefndur fiberþráður notaður til að flytja ljósmerki með hraða ljóssins.

Eins og flestum er kunnugt er mögulegt að nota ljósleiðara í næstum öllum fjarskiptum. Þar má nefna símkerfi, tölvu- og sjónvarpskerfi.

Við gagnaflutning um ljósleiðara er rafboði breytt í blikkandi ljósboð sem send eru með hraða ljóssins um glerþráðinn en síðan breytt aftur í rafboð í móttakanum.

Á 30 km bili þarf að magna ljósboðið með þar til gerðum magnara.

Hvert þar af þráðum getur flutt allt að 600.000 samtöl samtímis.

Ljósleiðurum er í dag skipt í tvo meginflokka, "Single Mode" og "Multi Mode", sem aftur skiptast í nokkra undirflokka.

"Multi Mode" gerðin er með stærri kjarna og því einfaldari í samsetningum og frágangi. Þessi stóri kjarni takmarkar hins vegar vegalengdina sem boðin geta ferðast og hentar því "Multi Mode" helst í stuttar lagnir.

Ljósleiðarastrengur fæst í ýmsum gerðum allt eftir aðstæðum við lagningu hans og er hann þá varinn á mismunandi hátt.

Sem dæmi um aðstæður við lagningu eru eftirfarandi:

Innandyra, grafinn í jörð, blásinn í rör, loftlína eða sæstrengur.

Við bjóðum gott úrval af ljósleiðurum af ýmsum stærðum og gerðum ásamt tengibúnaði.

